


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti BHR 901 Kennsluáætlun 5.önn vor 2012	

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um almennar kröfur og kröfur framleiðenda um viðgerðatækni. Farið er yfir verkfæri og tæki sem notuð eru til vélaviðgerða, notkun þeirra og meðferð. Skoðun og mæling á einstökum vélahlutum til að meta ástand þeirra, m.a. slit, áverka og sprungur. Verkefni um ákvörðun ventlatíma.

Markmið:

Nemandi þekki:

þær reglur sem gilda um hreinlæti og skipulag vinnu við vélbúnað hreyfla Almennar kröfur og kröfur framleiðenda um viðgerðatækni. Verkfæri og tæki sem notuð eru til vélaviðgerða, notkun þeirra og meðferð. Skoðun og mæling á einstökum vélahlutum til að meta ástand þeirra, m.a. slit, áverka og sprungur

Nemandi geti:

Yfirfarið kerfi sem tengjast hreyflinum: kælikerfi, loftinntakskerfi og útblásturskerfi. Tekið strokklok af hreyfli og sett það á aftur samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Yfirfarið ventlabúnað og gert nauðsynlegar athuganir og viðgerðir og sett hlutina aftur í hreyfilinn. Skoðað og stillt ventlatíma skipt um slífar og stimpla í dísilhreyfli (og ottóhreyfli) og gert þær mælingar og stillingar sem þar eiga við. Gert þær mælingar og athuganir sem við á til mats á ástandi sveifarbúnaðar hreyfla. Skipt um legur og þétti á sveifarási. Gert við vélbúnað brunahreyfla (ottó og dísil): dælur, kæla, siur, greinar, röralagnir o.fl. þ.h.

Námsgögn:

Tækni upplýsingar framleiðenda.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar, sem er að meta ástand gamallar vélar úr bíl. Þeir vinna verkefni samkvæmt eftirfarandi leiðarlýsingu. Nemendur vinni í tveggja manna hópum að verkefnum lotunnar en skili hvor sínu verkefni. Skiladagur 27.04.2012 fyrir klukkan 13.00. Berist verkefnið eftir að skilafresti lýkur lækkar einkunnin fyrir verkefnið um 1.0 fyrir hvern hafin sólarhring eftir 13.00 þann 27.04.2012. Verkefnum skal skila útprentuðum á íslensku með línubili 1,5 og leturstærð 12. Á forsiðu skal koma fram áfangaheiti, nafn kennara, nafn og kennitala nemanda skráð á forstöðu prófa. Tilgreina skal gerð hreyfils sem unnið er við hverju sinni. Nemendur geri sjónrænt mat á hreyflinum sem þeir eru að vinna við og skrái niðurstöðurnar í verkefnið. Nemendur geri athugun á hvort vélarblokk, strokklok, stimpilstangir eða aðrir hlutar vélarinnar séu undnir eða bognir og skrái í verkefnið niðurstöður ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri mælingar á sliti ventla, kambása og annars búnaðar í strokkloki og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri mælingar á slifum, stimplum, olíudælu og tengdum búnaði og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri mælingar á sveifarás og tengdum búnaði og skrái niðurstöður hennar ásamt uppgefnum málum og hvar þau eru fengin. Nemendur geri samantekt á niðurstöðum athugana sinna, meti hvort hægt er að endurnýta þá hluti sem þeir hafa mælt og skili einnig skrá yfir heimildir.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40% Ástundun 20%

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk. Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils